

432. Stjórnarfundur haldinn 21. ágúst 2014 kl:17:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), og Sveinn Adolfsson (SA).

Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI), Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB) .

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/styrks úr Fræðslu og verkefnasjóði UMFÍ til handa aðalstjórnar og barna- og unglingaráði knattspyrnudeildar Keflavíkur. Aðalstjórn úthlutað eitthundrað og fimmtíu þúsund krónur og barna- og unglingaráði úthlutað fimmtíu þúsund krónur. **Móttakið.**

3. Send bréf.

Engin bréf send.

4. Unglingalandsmót UMFÍ 2014

Forskráning fór fram í gengum Nóra-kerfið og gekk það vel. Framkvæmdastjóri sá svo um að skrá okkar keppendur til leiks. Aðalstjórn greiddi fyrir sextíu og fimm keppendur en sextíu og sex keppendur voru skráðir undir Keflavík. Farastjóri var GMA og tjaldbúðastjóri var Ólafur Ásmundsson. Guðjón hefur sent inn grein varðandi unglingalandsmótið sem mun birtast í jólablaði Keflavíkur. Aðalstjórn vill þakka GMA og Ólafi Ásmundsyni ásamt unglingalandsmótsnefnd Keflavíkur fyrir þeirra framlag í undirbúningi og stjórnun á okkar hluta.

5. Keflavíkurdagur.

Umræður með hvaða hætti ætti að hafa Keflavíkurdaginn og tímasetningu. Ákveðið að BMB haldi fund með formönnum deilda til að fá fram þeirra skoðun á deginum, þessi dagur er síðan komin til að vera. Tekið fyrir á næsta stjórnarfundum.

6. Hreyfivika ISCA / UMFÍ.

Ákveðið er að vera ekki með að þessu sinni.

7. Önnur mál.

Tímaúthlutanir í íþróttamannvirkjum RNB. Tölvupóstur frá formanni blakdeildar þar sem deildin óskar eftir að fá tíma á Sunnubraut. ***EH falið að ræða tímamál við Hafstein Ingibergsson, Stefán Bjarkason og Einar Sigurpálsson.***

EH og PMK sögðu frá fundi sem þeir áttu með knattspyrnudeild v/útdeilingu á lottó til deilda, þar sem þeir útskýrðu hvernig farið er með skiptingu á lottói innan félagsins.

Upplýsa nýtt íþrótt- og tómstundaráð RNB um framtíðarsýn Keflavíkur. ***EH fer á fund ráðsins og kynnir framtíðarsýnina.***

EH sagði frá því að fundagerðabækur væru komnar aftur sem voru í láni á Þjóðskjalasafni Íslands. Viðhald á félagsheimili Keflavíkur innandyrna. Komið er að málun innandyrna í félagsheimili okkar.

EH falið að senda póst á Hafstein Ingibergsson og Stefán Bjarkason og spyrjast fyrir um hvort það sé á áætlunin að mála húsið að innan.

Kaffistell K-merkt - K-merktir dúkar. EH sagði að það vantaði inn í kaffistellið og að dúkar væru í vinnslu. ***EH falið að kaupa inn í kaffistellið.***

Kaup á ársmiðum hjá körfuknattleiksdeild. ***EH falið að kaupa áskort fyrir eitthundrað þúsund krónur.*** EH sagði frá því að fimleikadeild hafi ákveðið að gera samning við greiðslumiðlun um innheimtu og er nú boðið upp á greiðsluseðla í Nora-kerfinu.



Frh. 432. Stjórnarfundur haldinn 21. ágúst 2014 kl:17:30

K-húsið við Hringbraut 108. EH færði BSS og hennar manni þakklæti aðalstjórnar en þau hjónin gáfu málningu og máluðu húsið. EH færði þeim hjónum leikhúsmiða sem smá þakklætisvott frá aðalstjórn Guðjón M. Axelsson varð fimmtugur 31. júlí og færði EH honum gjöf frá aðalstjórn.

EH sagði frá því að sú upphæð sem kom inn vegna söfnunar á félagsmönnum væri en inn á reikningi félagsins. ***Ákveði að deila þessari upphæð á deildir eftir formúlu þjálfarastyrks RNB/ÍRB og framkvæmdastjóra falið að ganga frá þessu.***

EH sagði frá því að innheimta vegna auglýsinga jólablaðsins væri nokkuð góðar.

Næsti fundur er 8. september kl. 18:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:45

Fundinn ritaði BS

